



Við verðum miklu sterkari saman

– Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri
Djúpavogshrepps, í forsiðuviðtali

Birgir Björn Sigurjónsson
fyrrverandi fjármálastjóri
Reykjavíkurborgar:
**Lexiurnar sem við
lærðum af hruninu**

**Heimsmarkmiðin,
loftslagsmál og
sveitarfélögin**



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Við verðum miklu sterkari saman

Garðar H. Guðjónsson blaðamaður ræðir við Gauja Jóhannesson, sveitarstjóra á Djúpavogi, um áföllin, uppganginn, sameiningu sveitarfélaga, Cittaslow og verndarsvæðið við voginn.



Hafna alfarið þvingaðri sameiningu



Þróstur Friðfinnsson
sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, var einn þeirra sem kvaddi sér hljóðs á landsþinginu og andmælti áformum um þvingaða sameiningu sveitarfélaga eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Grýtubakkahreppur hefur, eins og fjöldi annarra sveitarfélaga, sent umsögn um tillöguna inn á samráðsgátt stjórnarráðsins og segist þar hafna alfarið „lögþvingaðri sameiningu sveitarfélaga“.

Þróstur segist í samtali við Sveitarstjórnarmál vera afar ósáttur við hvernig staðið hefur verið að undirbúnningi málins frá upphafi. Hann hefur skrifaoð fjölda pistla um málið og er þá alla að finna á vef Grýtubakkahrepps, grenivik.is.

„Minni sveitarfélögum hefur beint og óbeint verið haldið frá þeiri vinnu sem liggar að baki þingsályktunartillöggunni. Þau hafa ekki átt fulltrúa í starfshópum og lítið hefur verið gert með athugasemdir þeirra. Bæði í grænbókinni og í greinargerð með þingsályktunartillöggunni sjálfri er látið eins og engin andmæli eða gagnrýni hafi komið fram. Það er alvarlegt mál að Alþingi fái ekki réttar upplýsingar í greinargerð með svo mikilvægri tillögu. Það er alls ekki rétt að samþykkt landsþings sé vilji sveitarstjórnarstigsins í heild. Það sem gerðist á landsþinginu var að stóru sveitarfélögum neyttu afslunar gegn þeim smærri,“ segir Þróstur og bætir við að hann búist við að fjöldi þingmanna á landsbyggðinni muni eiga erfitt með að samþykkja tillöguna.

Hann segir margt gott í tillöggunni og aðgerðaáætlun sem fylgir með í 11 liðum. Þar sé þó flest í formi misljórsa markmiða, sumt margrædd málefni svo sem verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, tekjustofnar sveitarfélaga og fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Þó sé ekki um haldbærar tillögur að ræða. Mikið sé einnig rætt um lýðræði, virðingu, mannréttindi og sjálfsákvörðunarrétt.

„Eina atriðið sem er skýrt og skorinort er þó í hróplegri andstöðu við lýðræði og sjálfsákvörðunarrétt, sem er þó svo mjög hampað að öðru leyti. Að lögfest verði að sveitarfélög skuli hafa að lágmarki



1000 íbúa innan nokkurra ára, og fái íbúar ekkert um það að segja, nema þá náðarsamlegast að velja sér mótaðila til sameiningar.

Í dag eru 40 sveitarfélög sem nái ekki þessu marki, af 72 sveitarfélögum í landinu. Það á því að taka lýðræðislegan rétt íbúa meirihluta sveitarfélaganna af þeim með lagaboði, allt í nafni lýðræðis.

Fyrir svo harkalegri aðgerð þurfa að vera ríkir hagsmunir og sterk rök. Því er ekki að heilsa í þessu máli, enda alger fásinna að sameining sveitarfélaga, þar sem aðeins fimm prósent þjóðarinna búa, í eitthvað stærri einingar, hafi nokkur áhrif á styrk sveitarfélaga landsins í heild. Raunar finnast hvergi í gögnum eða ferli málins nokkur rök fyrir þessu lágmarki,“ segir Þróstur.

